

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 28. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjöld, með síðari breytingum (548. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er að stimpilgjöld verði afnumin við fyrstu íbúðarkaup.*


Viðskiptaráð hefur ávallt hvatt stjórnvöld til að haga skattkerfinu þannig að það standi feti framar því sem best gerist í samanburðarlöndum okkar. Lágt skatthlutfall er mikilvægur þáttur þess að koma hér á samkeppnishæfu skattumhverfi, en einfaldleiki skattkerfisins er annar stór þáttur. Einfalt skattkerfi tryggir gagnsæi og frekari skilvirkni, sem í samfloti með lágu skatthlutfalli, er þjóðfélaginu öllu hvatning til aukinnar framleiðni.

Afnám stimpilgjalda í einhverri mynd hefur ítrekað ratað inná aðgerðalista ríkisstjórnarflokkanna í gegnum árin en aldrei hefur því verið hrint í framkvæmd. Sú staðreynd er sorgleg svo ekki sé meira sagt. Viðskiptaráð hefur lengi barist fyrir algeru afnámi stimpilgjalda enda er um afar umdeilda og ástæðulausa skattlagningu að ræða. Hvað það varðar er við hæfi að fagna frumvarpi þessu, en ráðið leggur á það mikla áherslu að skrefið verði stigið til fulls og stimpilgjald að fullu afnumið.

Það er ekki einungis hagkvæmis- og samkeppnisrök er standa að baki þessu álitni Viðskiptaráðs heldur má einnig færa fyrir því rök að lagasetning af þessu tagi feli í sér skattalega mismunun sem gengur í berhögg við stjórnarskrárvarinn eignarrétt manna. Við það er almennt miðað að til þess að skattálögur á borgaranna standist ákvæði 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar þurfi þær að vera lagðar á eftir almennum og efnislegum mælikvörðum og að gætt sé ákveðins jafnræðis. Þrátt fyrir að fræðimenn séu í meginatriðum sammála um að til þurfi að koma alvarleg röskun á jafnréttisreglunni svo að skattalögum verði af þeim sökum hnekt í dómi, er þó gjarnan höfð hliðsjón af henni við skýringu skattalaga. Til að taka af alla réttaróvissu væri því skynsamlegra að afnema algerlega stimpilgjöld.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en að hafin verði vinna nú þegar við að stíga skrefið til fulls og afnema algerlega stimpilgjöld.**

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs